



Umhverfis- og orkustofnun

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Garðabær, 8.8.2025

Málsnúmer: 202507-0023

IAS

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi til leitar að málum suður af Eyjafjarðardal

Vísað er til erindis frá Umhverfis- og orkustofnun frá 10. júlí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn Íslenskra Jarðmálma ehf um rannsóknarleyfi til leitar að málum suður af Eyjafjarðardal.

Um er að ræða leit að nikkel, kopar, silfri og gulli á svæði suður af Eyjafjarðardal og í átt að Bárðardal. Óskað er eftir leyfi til 5 ára. Notast verður við dróna með nýjustu tækni til að finna málma í jörð og flogið kerfisbundið yfir svæðið án rasks á yfirborði. Notast verður við slóða og fjórhjól eða gengið til að komast um svæðið með litlu raski. Finnist málmar á svæðinu þarf að kjarnabora til að staðfesta mælingar og greina þéttleika og aðgengi málms í jörðu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Fyrirhugað rannsóknarsvæði er á óröskuðu svæði á hálendinu, utan friðaðra svæða en nær aðeins inn á svæðið: „Skjálfandafljót ofan Aldeyjarfoss“ sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár. Þá flokkast svæðið að stærstum hluta til kjarnasvæða og hjúpsvæða víðerna samkvæmt kortlagningu Wildland Research Institute við háskólann í Leeds í Englandi, sjá vefsíðu Loftmynda ehf (www.map.is).

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru aðallega melavistir með lágt verndargildi á svæðinu. Í Eyjafjarðardal og Bleiksmýrardal og þeim svæðum sem lægra liggja er nokkuð um votlendi og einnig vestast á rannsóknarsvæðinu á milli Urðarvatna og Eyjafjarðardals.

Náttúrufræðistofnun tekur ekki undir þá fullyrðingu að: „Finnist málmar í nýtanlegu magni á svæðinu, mun það hafa afar jákvæð áhrif á uppsveitir Eyjafjarðar og Bárðardals.“ þar sem vinnsla á málum myndi hafa gríðarleg umhverfisáhrif á ósnortnu landi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við veitingu rannsóknarleyfis með þeim aðferðum sem lýst er í umsókninni að því undanskildu að ef á að fara í kjarnaboranir þarf að meta hvort þær framkvæmdir fari í mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin gerir ráð fyrir því að raski á umhverfi vegna rannsókna verði haldið í lágmarki og að frágangur verði til fyrirmyndar að rannsóknum loknum.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur